

Giorgos Seferis

Kettir heilags Nikulásar¹

Allt um það syngur mér innst í barmi
einráður grunur, án lýrustrengs,
dapran harmaslag hefninornar,
horfinn líknandi von.
(Agamemnon, 990 o. áf.²)

„Mér sýnist að þetta sé skaginn þar sem kettirnir voru ...“ sagði kafteinninn við mig

og benti á lága strandlengju úti í mistrinu

það var jóladagur og enginn á ferli við sjóinn,

„... og þarna lengra í vestri fæddist Afródída í öldum hafsins;
staðurinn er kallaður Grikkjaklettur.

Hart í bak!“

Hún hafði augun hennar Salóme læðan sem ég missti í fyrra
og Ramazan hvernig hann starði á dauðann án þess að hvika,
heila daga í snjónum í Anatólíu

í frosti og sól

heila daga án þess að hvika aringuðinn smái.³

Ferðalangur, ekki staðnæmast.⁴

„Hart í bak“ muldraði stýrimaðurinn.

... vinur minn sem hefur ekki lengur fast skiprúm

gæti hætt þessu flakki

haldið sig inni í litlu húsi með myndum

og leitað að gluggum bak við rammana.

Skipsklukkan sló

eins og hent væri pening úr ríki sem leið undir lok

og minnti á ölmusur horfinna tíma.

„Undarlegt“, tók kafteinninn aftur til máls.

„Þessi klukka – kannski vegna þess hvaða dagur er í dag –

¹ Sagan um kettina í Nikulásarklaustrinu á Kýpur er til í ritum frá 15. og 16. öld. Um hana má t.d. lesa í greininni *Cats, Snakes and Poetry: A Study of Seferis' "The Cats of Saint Nicholas"* eftir Katerina Krikos-Davis sem birtist 1984 í *Journal of Modern Greek Studies*, 2. tbl., 2. árg. Í þeirri grein er rökstutt að ljóðið tengist andófi skáldsins gegn herforingjastjórninni sem ríkti á Grikklandi frá 1967 til 1974. Ljóðið birtist í fyrst í ritinu *Δεκαοχτώ κείμενα (Átján textar)* sem svo hét því herforingjastjórnin krafðist þess að heiti bóka lýsti innihaldi þeirra. Skáldin sem birtu efni í þessu riti gáfu stjórninni langt nef með því að láta bók með 18 textum heita þetta.

² Tilvitnunin er úr leikritinu *Agamemnon* eftir Æskílos. Ég nota þýðingu Helga Hálfðanarsonar.

³ Hér minnst Seferis katta sem hann átti tveim áratugum áður en hann orti ljóðið, högnans Ramazan sem dó í Ankara í Tyrklandi í október 1949 og læðunnar Túti sem dó ári fyrr. Seferis átti heimili í Ankara meðan hann var sendiherra Grikklands í Tyrklandi. (Um þetta má lesa á bls. 283 í ævisögu skáldsins, *George Seferis: Waiting for an Angel* eftir Roderick Beaton, útg. Yale University Press, 2003.)

⁴ Þessi lína vísar í eftirmæli sem Seferis orti þegar læðan Túti dó.

hún minnir mig á aðra, sem var í klaustrinu.
Það var munkur sem sagði mér frá henni
hálfgalinn, draumóramaður.

Þegar þurrkarnir miklu voru,
– fjórtíu ár og ekki dropi úr lofti –
lagðist af byggð hér á eyggi;
fólkið dó og jörðin ól snáka.
Á þessum skaga voru þeir milljónum saman,
digrir eins og mannsfætur
og eitradir.
Nikulásarklaustrið var þá í umsjá
munna frá sankti Basil
og þeir gátu hvorki erjað ræktarlöndin
né haldið hjörðum til beitar;
kisurnar sem þeir fóðruðu urðu þeim til bjargar.
Í hvert sinn sem morgunn reis sló klukkan
og liðið hélt til orrustu.
Þær börðust allan daginn þar til sú stund kom
að hún kallaði til kvöldverðar.
Eftir mat sló klukkan aftur
og þær gengu út og börðust næturlangt.
Það var sjón að sjá þær, menn létu þess getið,
sumar haltar, sumar blindar,
vantaði trýni, vantaði eyra, feldurinn tættur.
Fjögur klukkuslög á dag og þannig leið tíminn,
mánuðir, ár.

Ævinlega meiddar og sárar en fullar af hamslausri þrjósku
útrýmdu þær snákunum og að lokum
hurfu þær sjálfar; þoldu ekki svo mikið eitur.
Eins og sokkið skip
sem skilur ekki eftir nein ummerki á sjónum
hvorki mjálm né hljóm í klukku.
Tökum strikið!

Hvað gátu þær gert þessir ræflar
sem börðust og drukku daga og nætur
eitrad blóðið úr skriðkvikindunum.
Árhundruð af eitri; kynslóðir af eitri.“
„Tökum strikið“ endurtók stýrimaður og lét sér fátt um finnast.

Γιώργος Σεφέρης Οι γάτες τ' Αϊ-Νικόλα

Τον δ' άνευ λύρας όμως υμνωδεί
θρήνον Ερινύος
αυτοδίδακτος έσωθεν
θυμός, ου το παν έχων
ελπίδος φίλον θράσος.
(Αγαμεμνων, 990 επ.)

«Φαίνεται ο Κάβο-Γάτα...», μου είπε ο καπετάνιος
δείχνοντας ένα χαμηλό γιαλό μέσα στο πούσι
τ' άδειο ακρογιαλί ανήμερα Χριστούγεννα,
«... και κατά τον Πουνέντε αλάργα το κύμα γέννησε την Αφροδίτη·
λένε τον τόπο Πέτρα του Ρωμιού.

Τρία καρτίνια αριστερά!»

Είχε τα μάτια της Σαλώμης η γάτα που έχασα τον άλλο χρόνο
κι ο Ραμαζάν πώς κοίταζε κατάματα το θάνατο,
μέρες ολόκληρες μέσα στο χιόνι της Ανατολής
στον παγωμένον ήλιο
κατάματα μέρες ολόκληρες ο μικρός εφέστιος θεός.
Μη σταθείς ταξιδιώτη.
«Τρία καρτίνια αριστερά» μουρμούρισε ο τιμονιέρης.

...ίσως ο φίλος μου να κοντοστέκουνταν,
ξέμπαρκος τώρα
κλειστός σ' ένα μικρό σπίτι με εικόνες
γυρεύοντας παράθυρα πίσω απ' τα κάδρα.
Χτύπησε η καμπάνα του караβιού
σαν τη μονέδα πολιτείας που χάθηκε
κι ήρθε να ζωντανέψει πέφτοντας
αλλοτινές ελεημοσύνες.

«Παράξενο», ξανάειπε ο καπετάνιος.
«Τούτη η καμπάνα —μέρα που είναι—
μου θύμισε την άλλη εκείνη, τη μοναστηρίσια.
Διηγότανε την ιστορία ένας καλόγερος
ένας μισότρελος, ένας ονειροπόλος.

»Τον καιρό της μεγάλης στέγνιας,
—σαράντα χρόνια αναβροχιά—
ρημάχτηκε όλο το νησί·
πέθαινε ο κόσμος και γεννιούνταν φίδια.
Μιλιούνια φίδια τούτο τ' ακρωτήρι,
χοντρά σαν το ποδάρι ανθρώπου

και φαρμακερά.
Το μοναστήρι τ' Αϊ-Νικόλα τό ειχαν τότε
Αγιοβασιλείτες καλογέροι
κι ούτε μπορούσαν να δουλέψουν τα χωράφια
κι ούτε να βγάλουν τα κοπάδια στη βοσκή·
τους έσωσαν οι γάτες που αναθρέφαν.
Την κάθε αυγή χτυπούσε μια καμπάνα
και ξεκινούσαν τσούρμο για τη μάχη.
Όλη μέρα χτυπιούνταν ώς την ώρα
που σήμαιναν το βραδινό ταγίни.
Απόδειπνα πάλι η καμπάνα
και βγαίναν για τον πόλεμο της νύχτας.
Ήτανε θαύμα να τις βλέπεις, λένε,
άλλη κουτσή, κι άλλη στραβή, την άλλη
χωρίς μύτη, χωρίς αυτί, προβιά κουρέλι.
Έτσι με τέσσερεις καμπάνες την ημέρα
πέρασαν μήνες, χρόνια, καιροί κι άλλοι καιροί.
Άγρια πεισματικές και πάντα λαβωμένες
ξολόθρεψαν τα φίδια μα στο τέλος
χαθήκανε· δεν άντεξαν τόσο φαρμάκι.
Ωσάν καράβι καταποντισμένο
τίποτε δεν αφήσαν στον αφρό
μήτε νιαούρισμα, μήτε καμπάνα.
Γραμμή!

Τι να σου κάνουν οι ταλαίπωρες
παλεύοντας και πίνοντας μέρα και νύχτα
το αίμα το φαρμακερό των ερπετών.
Αιώνες φαρμάκι· γενιές φαρμάκι».
«Γραμμή!» αντιλάλησε αδιάφορος ο τιμονιέρης.